

**Ávarp Jóns Atla Benediktssonar, rektors Háskóla Íslands, við setningu
Legokeppninnar. Haldið í Háskólabíói laugardaginn 16. nóvember 2024 kl.**

9.30.

Góðan dag öll sömul. Ég býð ykkur hjartanlega velkomin til First LEGO League hönnunar- og tæknikeppninnar sem Háskóli Íslands hefur haldið árlega allt frá árinu 2005 og verður því 20 ára á næsta ári.

Það einstaklega ánægjulegt að sjá hér í dag nærri 200 hugmyndaríka keppendur á aldrinum 10-16 ára frá 20 grunnskólum víðs vegar um landið.

Á hverju ári sameinast nemendur, kennarar og leiðbeinendur í þessari keppni til að takast á við nýjar og ögrandi þrautir. Á undanförunum árum höfum við staðið þétt saman í gegnum áskoranir eins og heimsfaraldurinn, þar sem við höldum keppnina rafrænt – og það sýndi þá þrautseigju og aðlögunarhæfni sem einkennir þessa keppni.

LEGO-keppnin er mikilvægur þáttur í samfélagsverkefnum Háskóla Íslands. Með fræðsluverkefnum eins og Vísindasmiðjunni, Háskóla unga fólksins og Nýsköpunar- og tæknikeppni grunnskólanna viljum við kveikja áhuga og forvitni ungs fólks á vísindum, tækni og nýsköpun. Við erum stolt af því að vera bakhjarl þessara verkefna þar sem börn og ungmenni fá tækifæri til að kanna, spyrja og uppgötva. Þessi verkefni eiga það sameiginlegt að stuðla að þekkingu og efla áhuga á framtíðinni – og þar leikur LEGO-keppnin mikilvægt hlutverk.

Þema keppninnar að þessu sinni er „Neðansjávar“ eða „Submerged“ og tengist það 14. heimsmarkmiði Sameinuðu þjóðanna, sem snýr að lífi í vatni.

Heimsmarkmiðið beinist að því að vernda og nýta hafið og hafauðlindir á sjálfbæran hátt, tryggja heilbrigði vistkerfa hafsins og draga úr mengun, svo hafið geti áfram þjónað lífi á jörðinni.

Hafið er eitt af mikilvægustu vistkerfum jarðar, en engu að síður er talið að um 80% þess sé enn ókannað. Þótt ótrúlegt megi virðast vitum við meira um yfirborð tunglsins en hafsbotninn okkar! Eitt af því sem við þó vitum er að hafið framleiðir um 50% af súrefninu sem við öndum að okkur svo það gegnir stóru hlutverki í okkar daglega lífi. Þetta ár hafið þið keppendur lagt ykkar af mörkum til að skilja leyndardóma hafsins, rannsaka vistkerfi þess og kanna nýjar leiðir til að vernda heilsu og sjálfbærni hafsins.

Um það bil 90% af lífverum hafsins lifa á hafsbotninum og margar af þessum lífverum hafa aldrei verið rannsakaðar og eru einstakar í aðlögun sinni að lífi í algjöru myrkri og undir gríðarlegum þrýstingi. Það er einstakt tækifæri fyrir ykkur að nýta bæði vísindi og nýsköpun til að varpa ljósi á þessi mikilvægu vistkerfi og stuðla að skilningi á því sem gæti orðið eitt helsta verkefni framtíðarinnar – verndun hafsins.

Líkt og síðustu ár styður Verkfræðingafélag Íslands við Lego-keppnina og vil ég þakka félaginu af helium hug fyrir mikilvægt framlag til að halda áfram að færa vísindin nær ungu fólki.

Þið keppendur hafið sýnt að með sköpun, þrautseigju og samvinnu er ekkert ómögulegt. Hvert lið hefur lagt sitt af mörkum til að þróa snjallar lausnir og takast á við áskoranir á sviði vísinda og nýsköpunar. En þið eruð ekki ein í þessu – leiðbeinendur ykkar og starfsfólk Háskóla Íslands hafa einnig lagt sitt

af mörkum og það er þeirra stuðningur sem gerir þessa keppni að því einstaka samfélagsverkefni sem hún er.

Kæru keppendur. Í dag fögnum við ekki aðeins ykkar afrekum heldur einnig framtíðinni. Þið hafið sýnt að með forvitni og þekkingarþorsta getið þið opnað dyr til nýrra heimilda og lausna. Ég hlakka til að sjá verkefni ykkar og óska ykkur alls hins besta í dag. Njótið dagsins, gangi ykkur allt í haginn og verið stolt af því sem þið hafið afrekað! Í First LEGO League eruð þið öll sigurvegarar!“

Takk fyrir.